


Efni og frágangur lagna sé í samræmi við holræsareglugerð

Jarðvatns og regnvatnslögn ø100 samskeyti ópökkuð

Brunnar ø100 sm

Gólfhæð sé 21,0 m







**STAÐSETNING:**

*Rotþróna má ekki staðsetja nær íbúðarhúsi en 5 m og ekki fjær en 30 m. Frárennslispípa skal liggja fyrir neðan botn vatnsbóls sé það í grennd, og minnst í 30 m fjarlægð.*

*Grafa skal fyrir þrónni niður á frostfrían þéttan jarðveg. Fylla skal að þrónni með frostþolnu efni, a.m.k. niður á frostfrítt dýpi.*

*Frárennslislögn frá rotþró skal vera úr Ø 100 mm pípum. Sé jarðvegurinn sandur, möl eða gljúpt hraun má hleypa frárennslinu beint niður í jarðveginn. Sé um þéttan moldarjarðveg að ræða, má veita frárennslinu í lokaðan skurð fylltan með sandi og möl, eða lekaþró sjá teikningar og síðan í opinn skurð eða læk. Til að halda sandinum í áðurnefndum skurði hreinum, má setja klór í frárennslislögnina og dreifa klóri yfir yfirborð skurðarins, þetta skal aðeins gert í rigningu til að gróður brenni ekki. Ekki skal hreinsa með klóri þar sem frárennsli er veitt í á eða vatn. Tenging aðrennslislagnar og frárennslislagnar við rotþró skal vera þétt.*

**LOFTRÆSTING:**

*Rotþró skal loftræsta, annað hvort gegn um aðrennslislögn upp úr þaki, með Ø 70 mm járnpípu eða með Ø 50 mm járnpípu upp úr rotþró. Loftræstipípa þessi skal vera útbúin með hettu, eða svanahálsi til að fyrirbyggja grjótkast ofan í rotþróna.*

**TÆMING:**

*Áður en rotþróin er tekin í notkun skal fylla hana með vatni og skal hún fyllt í hvert skipti sem hún er tæmd, en það þarf að gera einu sinni á ári.*

*Heppilegt er að nota haugsugu við tæminguna.*

*Ávallt skal skilja eftir sem svarar ca. 1/10 hluta af neðsta rotnaða leginu, til að viðhalda áframhaldandi gerjun. Í hvert skipti sem þróin er tæmd, skal setja í hana eina fötu af leskjuðu kalki til að auðvelda gerjun.*


ÓHEIMILT
ER AÐ SMÍÐA EFTIR ÞESSARI TEIKNINGU NEMA MEÐ LEYFI HÖFUNDAR.


# Skolp og jarðvatnslögn

Teikning þessi gildir almennt fyrir sumarhús og önnur smáhýsi

| | | |
|---|---|---|
| Scale 1:50 1:20 | TEIKNIVANGUR<br>Súðarvogi 4, 104 Reykjavík<br>Nnr. 6859-1461, Sími 681317<br>Pósthólf 4362, 124 Reykjavík | DATE:<br>DESIGN:<br>DRAWN: KM |
| | Chkd:<br>Approved: | DWG. NO 84 003 |